

Stjórnarfundur

Fundargerð miðvikudaginn 9. febrúar 2022 kl. 12:00

Mættir,

Einar Eiríksson, Friðrik Höskuldsson, Birgir Sigurðsson og Vignir Trausta online, Guðlaugur Jónsson, Árni Bjarnason sem mætti í lok fundarins, Árni Sverrisson og Páll Ægir Pétursson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

ÁS setti fundinn kl. 1200 og sagði frá því að ÁB gæti ekki mætt vegna veikinda.

Mál 1. Staðan í kjarasamningum skipstjórnarmanna á fiskiskipum.

ÁS fór yfir stöðuna og sagði hana ganga hægt. Viðræður hafa staðið yfir við SFS um endurnýjun samnings í rúm tvö ár þar sem ekkert hefur verið hlustað á kröfur sjómanna. Þær eru í stórum dráttum:

1. Skiptaverðmætishlutfallið verði 71% og 72,5% á vinnsluskipum sem verði grundvöllur til umreiknis á skiptaprósentu við að skipta úr heildarverðmæti aflans. Viðmið við heimsmarkaðsverð á olíu falli brott.
2. Mótframlag útgerðar í lífeyrissjóð hækkar um 3,5%, fari úr 8% í 11,5%
3. Stærðarmörk skipa verði breytt og framvegis verði miðað við skráningalengd í staðinn fyrir brúttórúmllestir.
4. Á samningstímanum hækkar kauptrygging háseta og verður á þessu ári 416.780 kr.- Frá 1 nóvember á þessu ári hækkar kauptrygging háseta um það sama hlutfallslega og á sömu degsetningum og samið verður um að kauptaxtar hækki í samningum á almennum vinnumarkaði.
5. Upplýsingagjöf verði bætt m.a. til verðlagsstofu vegna frystiskipa eins og rætt hefur verið um í samningaviðræðum.

Einnig kom fram í glærukynningu hans að sjúkradagpeningar eru jafnháir kauptryggingu á hverjum tíma. Kauptrygging er nú 490.170 kr/mán.

Stjórn FS ákvað að hækka sjúkradagpeninga í september 2021 um 65.000 kr. til samræmis við hækkanir lífskjarasamninga úr 490.170 kr/mán. í 555.170 kr/mán. Sjúkradagpeningar eru 17.909 kr/dag.

Í kjaraviðræðum fiskimanna höfum við verið með Sjómannasambandi Íslands og fundað var reglulega á samningstímanum en málin ekki kláruð, þá var ákveðið að reyna að landa þeim málum sem menn væru tiltölulega sammála um, eins og td. stærðarviðmiðanir fiskiskipa, í samningnum er miðað við brúttólesta mælingu skipa en ákveðið að breyta yfir í lengdarmælingu, þeirri vinnu er lokið. Önnur mál hafa verið rædd fram og til baka, menn hafa nálgast í sumum þeirra en í öðrum ekki.

Loksins var ákveðið þann 18. febrúar sl. að vísa málinu til sáttasemjara og var það gert með Sjómannasambandinu. Haldnir hafa verið rúmir 20 fundir hjá sáttasemjara auk margra funda í smærri hópum þar sem einstök málefni hafa verið tekin fyrir, svo sem lífeyrissjóðsmál, fiskverðssamningar á uppsjávarskipum, málefni Verðlagsstofu skiptaverðs, slysatryggingar ofl. Þessir fundir hafa verið gagnlegir og upplýsandi um margt, ýmislegt hefur þókast í rétta átt og klárlega þannig að hægt er að ná

saman í ýmsum málum. Til að mynda stærðarviðmiðanir, einföldun kjarasamninga, ráðningasamninga, slysa- og veikindarétt í skiptimannakerfum ofl.

Ás sagði frá því að í júlí sl. var lagt fram tilboð til SFS ásamt SSÍ, VM, SÍ og SVG. Í því fólst m.a. hækkun kaupliða til samræmis við lífskjarasamninga. Skiptaverðmætishlutfallið verði 71% en 72,5% á vinnsluskipum og línuverðsviðmiðun falli brott. Mótframlag útgerðar í lífeyrissjóð hækki um 3,5% fari úr 8% í 11,5%. Stærðarviðmið skipa miðist við skráningarlengd en ekki brúttórúmllestir. Gengið verði frá stöðluðu samningseyðublaði um fiskverð uppsjávarveiðiskipa og bætt upplýsingagjöf vegna frystiskipa til Verðlagsstofu. Viðmiðunarverð á Þorski, ýsu og karfa taki mið af samanlagðri uppboðssölu og sölu framhjá klukku á fiskmörkluðum og loks að samningstími verði frá undirskrift til 31. desember 2026. Tilboði þessu svaraði SFS m.a. með sömu hækkun á mótframlagi í lífeyrissjóði en eingöngu af kauptryggingu miðað við úthaldsdaga. Skiptaverðmætishlutfall verði 70% og grundvöllur umreiknis í 100% skipti.

Ekki er tekið tillit til hugsanlegrar breytinga á skiptaprósentu til hækkunar vegna lækkunar á heimsmarkaðsverði á olíu, auk þess tóku þeir ekki tillit til þess að olíunotkun á veitt kíló af fiski hefur lækkað umtalsvert.

Á síðasta fundi með sáttasemjara var skipt í hópa til að gera vinnuna skilvirkari. Fyrsti hópurinn fjallar um slysatryggingar sjómanna. Það eru hlutir sem hægt er að gera án kostnaðaraukningar fyrir útgerðina varðandi slysatryggingu sjómanna. Annar hópurinn fjallar um stærðarmörk skipa úr brúttótonnum í metra. Þriðji hópurinn fjallar um Verðlagsstofu skiptaverðs. Breyta og bæta verkferlum þar. Aðalatrið er að við förum framá 3,5%, þeir vilja að við tökum meiri þátt.

Mál 2. Kynning á tillögum um breytingar til hækkunar á styrkjum Sjúkra og styrktarsjóðs

Fram kom í glærुकynningu ÁS að sjúkradagpeningar eru jafnháir kauptryggingu á hverjum tíma. Kauptrygging er nú 490.170 kr/mán, hún hefur verið óbreytt frá 1. maí 2019.

Stjórn FS ákvað að hækka sjúkradagpeninga í september 2021 um 65.000 kr. til samræmis við hækkanir lífskjarasamninga úr 490.170 kr/mán. Í 555.170 kr/mán. Sjúkradagpeningar eru 17.909 kr/dag.

Ás kynnti styrki sjúkrasjóðsins og þær hækkanir sem átt hafa sér stað sem eru umtalsverðar en sérstaklega ber að geta fæðingarstyrks sem hækkar úr 100.000 kr/mán. Í 240.000 kr/mán. Einnig hækkar styrkur varðandi útilegu- og veiðikort úr 50% í 80% af kostnaðarverði.

Stjórnin samþykkti þessar breytingar fyrir sitt leyti.

Mál 3. Fyrir yfir mæliborð sem er í þróun hjá fyrirtækinu Oceans sem ætlað er að vakta hráefnis og afurðaverð á fiski og fiskafurðum.

Ás útskýrði mælaborðið og hvernig það er hugsað. Félagið gerði samning við Oceans ehf, en eigandi þess er búinn að vera lengi í upplýsingaöflun í sjávarútvegnum s.s. að afla upplýsinga um útflutnings- og aflatölur ásamt ýmsum öðrum gögnum. Gerður var samningur um að þróða mælaborð svo hægt væri að fylgjast með makrílveiðum, lönduðu magni, verði og útflutningi hans frá báðum þessum löndum. Það er mjög upplýsandi að fá þessar tölur fyrir Félag skipstjórnarmanna og hægt er að skoða ýmis tímabil t.d. 1, 5 eða 10 ár aftur í tímann og sjá hvernig verðið hefur þróast. Þessar upplýsingar eru sláandi, ekki síst verðmunur, aflamagn og hvert makríllinn er seldur. Norðmenn byrja yfirleitt að veiða makríllinn á eftir okkur og veiða í nótt, það gæti verið hluti af skýringum, af hverju verðið hjá þeim er hærra. Okkur skortir

hins vegar gögn. Verðlagsstofa ætti að okkar mati að vera í úrvinnslu og þælingum en er ekki að sinna því hlutverki sínu, hana skortir aðgengi að rafrænum útflutningsgögnum frá Tollstjóra til þess að geta fylgst betur með í rauntíma. Eins og málum er háttað nú getur Verðlagsstofa kallað eftir upplýsingum ef mál eru til skoðunar, en það er mjög tímafrekt, dæmi eru um að rannsókn mála taki allt að einu ári. Það hefur lengi verið grunur okkar að útflutningstölur séu of lágar (hækkun í hafi), en að okkar dómi þurfa opinberir aðilar að skoða þetta. Við höfum í samningaviðræðunum lagt áherslu á að Verðlagsstofa verði elfd til þess að ná utanum þessi mál. Norðmenn flytja megnið af sínum makríl út til Japan á mun hærra verði en við Íslendingar sem flytjum megnið af okkar makríl út til Litháen. Áhugavert væri að athuga hvert Litháar flytja makrílinn, trúlega fer hluti hans á innanlandsmarkað en okkur skortir enn og aftur upplýsingar. Oceans ehf. er tilbúð að framlengja samninginn og halda áfram að þróa kerfið en það kostar peninga. Upp kom sú hugmynd á fundinum að fleiri stéttarfélög kæmu að þessu verkefni en menn höfðu á því misjafnar skoðanir. ÁS gerði að tillögu sinni að hann afli frekari upplýsinga frá fyrirtækinu og að hugsanlegt samstarf við VM verði skoðað. ÁS sendir tölvupóst til stjórnarmanna um áframhaldið.

Mál 4. Vinna við bústaði á Lagarvatni.

ÁB fór yfir endurnýjun gömlu bústaðanna á Laugarvatni, Hrannarbóls og Laugarbóls. Vinna gengur vel og leyst fundarmönnum mjög vel á breytingarnar sem nú standa yfir. Nýtingin hefur verið góð á bústöðum og er almenn ánægja félagsmanna með bústaði félagsins.

Mál 5. Fyrirhugaðar breytingar á réttindainnvinnslu sjóðfélaga Gildis lífeyrissjóðs. Kynning á stöðunni og ákvörðun stjórnar. Kynning Talnakönnunar.

Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur var boðinn á fundinn til að kynna málið og fyrirhugaðar breytingar. Hann tók fram að að stjórnin væri ekki endanlega búin að móta tillögur sínar en spyrja má af hverju ætti að breyta? Nýjar lífslíkutöflur sýna að langlífi er að aukast, ekki bara á Íslandi heldur alls staðar annars staðar í Evrópu. Ekki hefur verið tekið tillit til þess við mat á greiðslugetu lífeyrissjóða og ef ekkert verður að gert geta lífeyrissjóðir ekki staðið við réttindatöflur. Þetta bitnar á yngstu árgöngunum, sem munu fá mun minni lífeyri en nú er greiddur. Þess vegna er nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem fyrst. Með þessum breytingum er ekki verið að skerða lífeyri, en hann þarf að endast lengur en áður og annað hvort þarf fólk að vinna lengur eða fá minna greitt á hverju ári en áður. Því fyrr sem gripið er til aðgerða, því minna verður höggjöld. Iðgjöld hafa verið hækkuð í 12% í 15,5% hjá flestum stéttum, en þó ekki sjómönnum á fiskiskipum. Yngstu árgangar njóta þess þá mest í lífeyrisréttindum og greiða hærra iðgjald.

Tillögur frá Gildi hvernig bregðast eigi við en í lok árs 2021 urðu breytingar í umhverfi lífeyrissjóðanna.

1. Nýjar lífslíkutöflur teknar upp sem þýðir að lífeyrissjóðirnir verða að bregðast við.
2. Lágmarkstryggingavernd má reikna út frá innvinnslu frá 20 til 60 ára í stað 25 til 65 ára.
3. Mat á hlutabréfum breytist til hækkunar.
4. Framtíðarkostnaður við fjárfestingar dregst ekki frá eignum.

Raunávöxtun hjá Gildi var 12% á síðasta ári.

Breytingarnar núna hafa áhrif á þá elstu til hækkunar í heildina tekið. Vegna þess að þeir yngstu borga hærri iðgjöld allan sinn feril og vinna þeir sér inn meiri réttindi en þeir sem vinna í færri ár.

Ef staða sjóðsins væri ekki jafngóð og raun ber vitni þyrfti að lækka áunninn réttindi allra, mismikið eftir aldri. Nýju töflurnar hafa lítil áhrif á lífeyrisþega og þá sem eiga stutt eftir í lífeyristöku, en meiri áhrif á hina.

Góð staða sjóðsins leyfir það aftur á móti að hægt er að hækka réttindin á móti lækuninni. Þetta leiðir það af sér að í raun munu engin áunnin réttindi skerðast og áunnin réttindi langflestra (líklega allra) aukast.

Taka þarf upp nýja réttindatöflu þannig að réttindaávinnsla verður hægari en áður, líklega um 10-11% minna á ári.

Hugsanleg framvinda:

Áfram verði miðað við 67 ára aldur sem viðmiðunaraldur útreiknings réttinda.

Örorka verði metin með sama hætti og áður, þ.e. framreikningur til 65 ára, en skv. nýrri réttindatöflu.

Tekið verði upp ákvæði til bráðabirgða um framreikning vegna örorku til þess að sem minnstur munur verði á einum tímapunkti

Mál 6. Önnur mál.

Vignir Traustason endurvakti gæludýraumræðuna og leggur til að einn bústað á Laugarvatni verði hugsaður fyrir gæludýraeigendur. Tillagan var samþykkt og að hundahald veði leyft í Hrannarbóli til prufu til ársloka.

Vignir vildi koma þeirri skoðun sinni á framfæri að menn ætti þess kost að hlaða rafmangsbíla sína við bústaði en borgi sjálfir rafmagnskostnað. Nokkur umræða skapaðist um málið og verður það skoðað nánar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14:20

Árni Bjarnason

Formaður



Árni Sverrisson

Framkvæmdastjóri



Páll Ægir Pétursson

fundarritari

